

Námsgrein: Íþróttir

5.-7. bekkur

Kennarar: Selmdís Þráinsdóttir, Sólveig Guðrún Aðalsteinsdóttir og Valdís Jósefsdóttir

Tímafjöldi á viku: Ein klukkustund á viku.

Kennsluaðferðir og skipulag: Kennsla fer að mestu fram í íþróttarhöllinni á Húsavík en í einstaka tilfellum er kennsla færð út og nemendur fá tækifæri til að hreyfa sig í sínu nærumhverfi. Forsenda fyrir því er að veður sé ákjósanlegt m.t.t. aldurs og þroska nemenda. Í íþróttarhöllinni fer kennsla aðallega fram í aðalsal byggingarinnar.

Lagt er upp úr því að hafa kennslu eins fjölbreytta og kostur er á þar sem miðað er að því að stuðla að heilbrigði og velferð nemenda. Reynt er eftir bestu getu að komast til móts við þarfir allra nemenda hverju sinni. Rauði þráðurinn í allri kennslu er þó að skapa aðstæður þar sem nemandi fær tækifæri til að þroskast andlega, líkamlega og félagslega með það í huga að þau njóti þess að hreyfa sig.

Nemendur takast á við verkefni sem reyna meðal annars á styrk, þol og liðleika í gegnum hinar ýmsu íþróttir og leikir. Nemendur fá meðal annars að kynnast margskonar knattíþróttum, fimleikum, frjálsíþróttum, bandý, dans, klifri, hniti. Ásamt fjölbreyttum leikjum.

Skipulag kennslustundar er yfirleitt þrípætt, þar sem byrjað er á upphitun, aðalhluti svo tekin fyrir og endað á niðurlagi. Nemendur vinna í litlum sem og stórum hópum eða sem einstaklingar þar sem lögð er áhersla á að virkja alla nemendur.

Námsmat: Leiðsagnarmat miðar af því að fylgjast með stöðu nemanda og sjá stöðuna á meðan námi stendur. Fylgst er með færni, virkni, mætingu og hegðun nemenda.

Grunnpættir menntunar

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnpátta menntunar
Læsi	Að nemendur séu læsir á umhverfi sitt og líkama.
Sjálfbærni	Nemendur geti tekist á við verkefni með samspili umhverfis og félagslegra þátta.
Heilbrigði og velferð	Að nemendur læri mikilvægi hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendum sé boðið uppá góða aðstöðu til íþróttaiðkunar. Að nemendur vinni saman og sýni góða framkomu. Virðing sé gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins. Nemendur þjálfast í að virða ólíkar skoðanir og að taka þátt í uppbyggilegri umræðu.
Jafnrétti	Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Sköpun	Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
Grunnþjálfun helstu íþróttagreina s.s. knattleikir, frjálsar íþróttir, hnít, fimleikar, íþróttir fatlaðra og fjölbreyttir leikir.	Inni: áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu íþróttagreinar. Úti: það sem náttúruna hefur upp á að bjóða.	Markmiðið er að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til heilbrigðrar hreyfingar og hollra lífshátta. - Að kynna nemendum undirstöðuatriði í fjölbreyttum íþróttagreinum - Að nemendur geti gert æfingar sem reyna á loftháð þol, - Að læra að fylgja reglum sem einkenna hinar ýmsu íþróttagreinar - Að nemendur geti gert einfaldar rytmískar æfingar og fylgt takti. - Að upplifa ánægju af eigin framförum - Að auka félags, hreyfi og siðgæðis þroska - Að gera nemendur meðvitaða um mikilvægi hreyfingar - Að nemendur geti sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem það er að vinna eða tapast.	Er byggt á færni nemanda í ákveðnum þáttum, ástundun, vinnu í tímum og framförum.